

Rangárþing ytra  
Haraldur Birgir Haraldsson  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella

Reykjavík 12. maí 2020  
UST202005-049/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulag Rangárþing ytra 2016 - 2028 - Jarlsstaðir**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 6. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulag Rangárþing ytra 2016 - 2028 vegna Jarlstaða.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að frístundasvæðið á Jarlsstöðum F74 er afmarkað á nýjan hátt þar sem svæðið mun stækka til norð-vesturs en austasti hluti þess fellur út. Auk þess kemur fram að stærð svæðisins verður óbreytt eða 50 ha og nýrri aðkomuleið bætt við. Skilmálar svæðisins haldast óbreyttir.

#### **Pjórsáhraun**

Í greinargerð kemur fram að hraunið sem skipulagssvæðið nær til fellur undir 61. gr. náttúrverndarlaga nr. 60/2013

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem talar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar.


Í greingerð kemur fram að forðast skal röskun hraunsins eins og kostur er og að hraunmyndunum á frístundalóðum svæðisins verði hlíft ef þess er nokkur kostur. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu að verndargildi hraunasvæða séu metin og m.a. tekið sé tillit til jarðmyndanna s.s. hrauntraða og hraunfláka.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða **eftir** atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisum sókn ber að vega saman mikilvægi náttúrumínjanna sem í húfi eru og hagsmuni af **fyrirhugaðri** framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga um **náttúruvernd**, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku **og alþjóðlegu samhengi**, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr laganna.


Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr., rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar **og ástæðum** þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir **fyrirhuguðum mótvægisgerðum**, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að **binda** leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur